

**Ed.**

**1412. Breytingartillaga**

[491. mál]

við frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Ragnari Arnalds.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður svo hljóðandi:

Lög þessi gilda til bráðabirgða í tvö ár og skulu tekin til endurskoðunar þegar á næsta þingi.

Meðan lög þessi gilda skal framkvæmd þeirra við það miðuð að ríkisstjórnin tryggi eftirfarandi:

1. að afurðasölufélag fái rekstrarlán sem geri þeim kleift að standa að fullu skil á greiðslum til framleiðenda samkvæmt ákvæðum laganna;
2. að Áburðarverksmiðjan fái rekstrarlán og aðra þá fyrirgreiðslu er geri henni kleift að selja áburð á verði sem ekki sé hærra en gildir að jafnaði í nálægum löndum;
3. að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum verði ekki lægri en þær voru að meðaltali árin 1978—1983.